

## Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 25. maí 2011

Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Eins og þið þekkið er Landskerfi bókasafna samstarfsvettvangur ríkis og sveitarfélaga og hefur í meginatriðum snúist um rekstur bókasafnskerfis fyrir söfn á vegum eigendanna. Fyrirtækið var stofnað fyrir tæpum tíu árum þegar leysa þurfti af hólmi eldri bókasafnskerfi, kerfi Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns og tengdra safna, kerfi Borgarbókasafns og tengdra safna og nokkur önnur og umfangsminni bókasafnskerfi.

Í þessari skýrslu ætla ég fyrst að ræða málefni hlutafélagsins Landskerfi bókasafna, þá rekstrarþætti, næst verkefni liðins árs og þau sem framundan eru, þá fyrirtækið sem slíkt og að síðustu hugleiða almennum orðum það starfsumhverfi og þau viðfangsefni sem framtíðin kann að bera í skauti sér.

Um hlutafélagið Landskerfi bókasafna vil ég fyrst nefna að umsjón með því að því er snertir hlut ríkisins færðist á síðasta aðalfundi frá ráðuneyti menntamála til ráðuneytis fjármála. Er það í samræmi við stefnu ríkisins um umsýslu eigna ríkissjóðs. Ekki verður séð að þessi breyting hafi haft nein áhrif á starfsemi félagsins til þessa. Hins vegar má segja að hún festi í sessi þá hugsun að nú hafi Landskerfi bókasafna slitið barnsskónum og sé nú rekstrareining sem stendur á eigin fótum, er eign meðal annarra eigna.

Hlutafélaginu bættist nýr hluthafi á árinu 2011, sveitarfélagið Hörgársveit, sem við bjóðum velkomið í eigendahópinn. Forsenda þess að sveitarfélög geti nýtt sér þjónustu Landskerfis bókasafna er að þau kaupi hlutafé í félaginu og miðast kaupverðið við íbúatölu sveitarfélagsins. Fjöldi hluthafa er nú 54.

Í þriðja lagi er þess að geta að stjórn félagsins setti sér starfsreglur á árinu eins og lög um hlutafélög kveða á um. Þær reglur má kalla leiðsögn um vinnulag stjórnarinnar. Þó að stjórnin geti breytt reglunum að vildi sinni eru þær til þess fallnar að koma festu á starf hennar og glöggva stjórnarmenn og framkvæmdastjóra á verkefni sínu. Reglurnar hafa verið birtar á vef félagsins, landskerfi.is.

Í fjórða lagi skal nefnt að síðar á þessum aðalfundi leggur stjórn félagsins fram tillögu sína um breytingu á samþykktum félagsins. Felur hún í sér að yfirlýstu markmiði félagsins eins og það birtist í 3. grein samþykktanna er breytt. Núgildandi gerð greinarinnar hljóðar svo: „Tilgangur félagsins er að reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi og veita bókasöfnum landsins sérfræðiþjónustu í bókasafnsfræðum.“ Sem sjá má í tillögunni sem dreift var með fundarboði leggur stjórnin nú til að klausan hljómi svo í nýrri og breyttri gerð: „Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu.“

Í þessari breytingu felst öðru fremur að framvegis verður gert ráð fyrir að þjónusta félagsins þurfi ekki að vera einskorðuð við bókasöfn. Þar með er í raun verið að laga samþykktirnar að þeim veruleika sem blasti við þegar ákveðið var að nýta hina nýju, samþættu leitargátt félagsins sem leitargátt ekki aðeins fyrir safnkost bókasafna heldur einnig safnkost Ljósmyndasafns Reykjavíkur og í framhaldinu fleiri safna sem ekki teljast bókasöfn. Vissulega var það svo frá upphafi að leitarkerfið [gegnir.is](http://gegnir.is) gerði mönnum kleift að leita t.d. að hljómdiskum í eigu bókasafna og bókasöfnin geta lánað út kvikmyndir og málverk, svo eitthvað sé nefnt. En nú standa vonir til að hið nýja leitarkerfi tengist til að mynda minjasöfnum og myndaskrárm myndlistarsafna á komandi misserum. Getur án vafa orðið til gríðarlegra hagsbóta fyrir vefnotendur að fá þannig aðgang á einum stað að fjölbreytilegum safnkosti landsins. Er freistandi að tala um byltingu í því sambandi, að minnsta kosti grillir í eitthvað slíkt þegar samþætt leitargátt verður formlega tekin í notkun síðar á þessu ári. Tillaga stjórnarinnar um breytta markmiðslýsingu félagsins gerir því tvennt: hún endurspeglar betur en fyrri lýsing starfsemina eins og hún er þegar orðin en auk þess gefur hún til kynna hvert félagið mun að líkindum stefna á komandi árum.

Varðandi starfsemi hlutafélagsins sem slíks skal þess að síðustu getið að stjórn þess hélt tíu fundi á liðnu starfsári.

En víkjum nú að rekstri félagsins.

Á árinu 2010 námu rekstrartekjur um 104,5 m.kr. en fjármunatekjur 5,2 m.kr. Heildartekjurnar voru því um 109,7 m.kr. en voru 111,1 árið áður. Frá árinu 2009 höfðu rekstrartekjur hækkað lítillega milli ára (voru 101,3 m.kr.) en fjármunatekjur lækkað umtalsvert (voru 9,8 m.kr.) vegna lækkandi bankavaxta.

Rekstargjöld ársins 2010 voru 106,6 m.kr. og var rekstrartap ársins 2,2 m.kr. Heildarniðurstaða ársins 2010 er að hagnaður varð 3 m.kr. en var 14,5 m.kr. árið áður. Það er einkum þrennt sem skýrir þessa lækkun hagnaðar. Í fyrsta lagi er það fyrrnefnd lækkun fjármunatekna á árinu 2010, í öðru lagi kostnaður vegna fjárfestingar og rekstrar á nýju kerfi, hinni samþættu leitargátt sem framleiðandinn kallar Primo, í þriðja lagi aukinn afskriftakostnaður vegna kaupanna á Primo.

Kaup á kerfum og uppsetningu eru afskrifuð á átta árum, þó með þeirri undantekningu að fyrir fjórum árum var ákveðið að lengja afskrift þess hluta sem eftir var af stofnkostnaði í 10 ár. Afskriftum á upphaflegum stofnkostnaði mun ljúka í árslok 2011.

Kostnaður vegna kaupa á hugbúnaði fyrir samþætta leitargátt (Primo) skiptist á milli árána 2010 og 2011. Fjárfesting í þessu nýja kerfi og uppsetningu þess á árinu 2010, alls 16,3 m.kr., er afskrifuð á átta árum. Vegna nýja kerfisins hækkuðu afskriftir um 28% frá árinu 2009 til ársins 2010.

Efnahagsreikningur félagsins er traustur. Eigið fé í árslok 2010 er 125 m.kr. Eignir nema 133,7 m.kr. Hlutfall eigin fjár og eigna, svokallað eiginfjárhlutfall, telst hátt. Sama máli gegnir um lausafjárhlutfall en veltufé í árslok var 109,7 m.kr. og skammtímaskuldir námu 8,6 m.kr.

Í almennum og fáum orðum má segja að rekstur félagsins getur talist stöðugur og eignastaðan traust. Vegna hratt lækkandi vaxtatekna af afskriftasjóði félagsins höfum við misst spón úr aski okkar. Á komandi árum mun rekstur félagsins væntanlega verða léttari vegna minni afskriftakostnaðar og einnig má telja nokkuð líklegt að fjármunatekjur hækki.

Rekstrarumhverfi í landinu hefur haft áhrif á starfsemi Landskerfis bókasafna með ýmsu og nokkuð neikvæðu móti undanfarin tvö ár. Í fyrsta lagi má nefna lækkaðar vaxtatekjur; í öðru lagi að lækkað gengi krónunnar hefur haft veruleg áhrif á reksturinn þar eð gjöld af hugbúnaði eru bundin í erlendum gjaldmiðlum og í þriðja lagi má geta þess að viðskiptamenn félagsins, bókasöfnin og sveitarfélögin, eiga mörg hver við vanda að etja. Síðastnefnda atriðið birtist okkur í því að félagið fékk eindregna ósk frá næststærsta hluthafa sínum um lækkun mánaðargjalds á árinu 2011. Sem vænta mátti var stjórnin ekki óðfús að verða við þessari ósk enda er upphæð gjaldsins bundin í samningi milli aðila. Niðurstaðan varð þó sú að hag félagsins væri best borgið með því að koma til móts við þessa beiðni og veita öllum föstum þjónustukaupendum tímabundinn 5% afslátt sem gildir til ársloka 2011. Meðal annars af þessum sökum gerir stjórnin ráð fyrir að tap verði af rekstri ársins 2011 en er það þó komið undir ýmsu, svo sem þróun gengis, launa og vaxta. En þó að þrengi nokkuð að rekstrinum í svip eru horfur bjartar enda er fyrirtækið vel mannað, eftirlit með kostnaði gott og eignastaðan ákjósanleg.

Nú skal vikið að verkefnum félagsins en þó fyrst sagt frá því, til fróðleiks, að skráðir titlar í Gegni námu í lok apríl 2011 tæplega 994 þúsundum en fjöldi eintaka var þá tæpar 5 milljónir. Á sama tíma fyrir ári var fjöldi titla í Gegni um 958 þúsund en eintakafjöldi um 4,7 milljónir eintaka. Fjöldi útlána breyttist lítið á milli ára og námu útlán aprílmánaðar 2011, svo dæmi sé tekið, um 305 þúsundum eintaka.

Á liðnu starfsári var unnið að fjölmörgum kerfisverkefnum sem taka til Gegnis. Í tvígang voru settir upp nýir þjónustupakkar sem innihéldu leiðréttingar og viðbætur við kerfið. Gerðar voru vélrænar lagfæringar á bókfræðigrunninum og hann lyklaður. Nýr millisafnalánapáttur í

Gegni var tekinn í notkun að hausti í kjölfar viðamikillar kerfisvinnu. Loks má geta þess að gerðar voru breytingar á vefviðmóti kerfisins, gegnir.is, sem auðvelda leit að rafrænu efni.

Síðustu mánuði hefur verið unnið að undirbúningi þess að taka upp útgáfu 20 af Aleph kerfinu sem er vöruheiti Gagnis frá hendi framleiðanda. Verkefnið er umfangsmikið og er unnið í prófunarumhverfi Landskerfis bókasafna með aðstoð aðildarsafna Gagnis. Stærstur hluti breytinga í nýrri útgáfu varðar almennt viðhald kerfisins svo sem uppfærslu á stýrikerfi og gagnagrunni og ýmsar leiðréttingar á virkni. Á meðal nýjunga í útgáfu 20 má nefna bætt vinnuumhverfi fyrir skrásetjara, auðveldara aðgengi að verkstjórnarþætti og keyrslum, samþættingu námsbókasafnsþáttar við útlánþátt, og einnig aukna upplýsingagjöf til almennra lánþega í vefviðmóti kerfisins. Uppfærsla Gagnis í útgáfu 20 er áætluð í raunumhverfi um miðjan ágúst á þessu ári.

Þá hefur mikil vinna verið unnin í sambandi við samþætta leitargátt og hefur hún að nokkru leyti verið unnin með aðstoð sérfræðinga frá Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Þeirri vinnu miðar vel og var kerfið opnað í tilraunaútgáfu 31. mars síðastliðinn og lofar það mjög góðu. Skoða má tilraunaútgáfuna á vefslóðinni <http://beta.gegnir.is>. Gögn, sem eru aðgengileg í leitargáttinni, koma víða að. Á síðari árum hefur stafrænum gagnasöfnum á vegum bókasafna og fjölmargra annarra fjölgað hratt. Flest þessarra gagnasafna bjóða upp á eigin vefaðgang en með samþættri leitargátt er notendum gert kleift að leita í þessum gagnasöfnum á einum stað. Sem stendur er hægt að leita í Gegni, Tímarit.is, Bækur.is, Skemmunni og Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Fljótlega er stefnt að því að gera rafrænar tímaritsgreinar og gagnagrunna í hvar.is leitarbæra í leitargáttinni. Auðvelt er að leita að efni í gáttinni og afmarka leitarniðurstöður. Rafrænt efni er sýnilegt og boðið er upp á árveknipjónustu. Markmiðið er að landsmenn hafi bæði gagn og gaman af því að leita í samþættri leitargátt fyrir Ísland.

Stefnt er að því að í framtíðinni verði hægt að veita aðgengi að safnkosti bókasafna, minja- og listasafna og skjalasafna. Með innleiðingu gáttarinnar er hafin kerfisleg endurnýjun Gagnis en þegar fram líða stundir mun hún koma í stað núverandi vefviðmóts Gagnis, gegnir.is. Stefnt er að formlegri opnun haustið 2011.

Meðal annarra verkefna á næstu mánuðum er að semja að nýju um hýsingu safnakerfa fyrirtækisins, þ.e.a.s. hýsingu Gagnis og leitargáttarinnar, og væntir stjórnin þess að lækka megi hýsingarkostnað í framhaldi af því.

Ef fara ætti nokkrum orðum um fyrirtækið Landskerfi bókasafna til viðbótar við það sem þegar hefur komið fram mætti nefna að fjöldi ársverka hjá fyrirtækinu var 5,6 á árinu 2010. Á árinu lést einn starfsmaður af slysförum, Óttar Rafn Ellingsen, og var það mikið áfall fyrir þann fámenna hóp sem hér vinnur. Minnumst við Óttars með þakklæti. Þess má einnig geta að góð reynsla er af húsnæðinu sem tekið var í notkun árið 2010 og er það mun hentugra en fyrra húsnæði.

Að lokum er ástæða til að hugleiða stuttlega hvert stefnir í málum sem varða kerfi bókasafna og hvernig það horfir við Landskerfi bókasafna.

Í fjölmiðlum kom fram í liðni viku að nú er svo komið að vefbókaverslunin Amazon.com selur fleiri eintök rafrænna bóka en pappírnbóka. Verulegar framfarir eiga sér stað um þessar mundir í rafrænni bókaútgáfu og gerð lestækja sem verða sífellt ódýrari. Bókasafnskerfi munu vera misjafnlega undir það búin að lána út rafræn eintök en Ex Libris vinnur að þróun safnakerfis sem tekur meðal annars á þessum vanda. Önnur öflug fyrirtæki, svo sem OCLC, vinna að sambærilegri vöruþróun.

Bókasafnskerfi sem ekki getur með góðu móti haldið utan um stafrænt efni telst mjög takmarkað í nútímalegu umhverfi. Þróun höfundaréttar er í þessu ljósi veigamikil atriði.

Hvað sem öðru líður er mikilvægt fyrir Landskerfi bókasafna að fylgjast vel með þróun útgáfu og þróun safnakerfa. Fyrirtækið hefur ágæta burði til fjárfestinga á næstu árum og haldi núverandi þróun áfram í átt til aukinnar stafrænnar endurgerðar og stafrænnar útgáfu verður kerfi okkar að geta brugðist við því.

Ég vil að síðustu þakka stjórnarmönnum gott og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári sem og starfsfólki öllu sem vinnur hér gott starf. Safnakerfin sem Landskerfi bókasafna rekur eru glæsilegt framlag til upplýsingasamfélagsins á Íslandi sem starfsmenn og aðrir aðstandendur félagsins geta verið stoltir af.